

# Skil á afdreginni staðgreiðslu af fjármagnstekjum

Tímabil júlí - september 2012

## Rafræn skil á fjármagnstekjuskattí

Á þjónustusíðu ríkisskattstjóra, skattur.is, er hægt að gera full skil á fjármagnstekju-skatti. Undir liðnum Vefskil er valið Staðgreiðsla fjármagnstekjuskattis og opnast þá form til útfyllingar. Bæði er hægt að nota aðalveflykil og skilalykil.

Þegar skilagrein hefur verið send rafrænt verður til krafa í heimabanka gjaldanda. Sé ekki um að ræða neinar skattskyldar greiðslur á tímabilinu skal gera grein fyrir því með því að skila núllskýrslu.

## Fjármagnstekjuskattur er 20%

### Arðgreiðslur

Skylda til að draga staðgreiðslu af arði og skila í ríkissjóð hvílir á öllum einkahlutafélögum, hlutafélögum og öðrum félögum með takmarkaða ábyrgð félagsaðila.

Ef úthlutaður arður er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins, gilda sérreglur um skattalega meðferð á arðgreiðslum til þeirra sem skylt er að reikna sér endurgjald. Nánari upplýsingar eru á [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

### Vaxtatekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlásstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfaviðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra.

### Skiladagur

Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu fjármagnstekjuskattis á þriðja ársfjórðungi 2012 er 20. október 2012 en eindagi er 5. nóvember.

**Skilaskyldur aðili skal ótilkvaddur greiða staðgreiðslu af fjármagnstekjum í síðasta lagi á eindaga.**

### Þeir sem ekki skila rafrænt

Á rsk.is er hægt að nálgast skilagrein RSK 5.19 til að skila fjármagnstekjuskattí.

Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; staðgreiðsla af arði og staðgreiðsla af vöxtum, auk þess sem skal ávallt fylla út samtölureit.

Pessari skilagrein, ásamt greiðslu, þarf að skila til innheimtumanns ríkissjóðs (ekki í banka).

Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á tímabilinu, skal gera grein fyrir því með því að setja núll í fjárhæðareitina en X í þar til gerða reiti fyrir neðan.

### Vanskil

Ef skilaskyldur aðili framvíesar ekki fullnægjandi skilagrein rafrænt eða á pappír innan tilskilinna tímamarka **skal ríkisskattstjóri áætla skilaskylda fjárhæð**.

### Næsti skiladagur

Næsti gjalddagi er 20. janúar 2013 vegna tekna á ársfjórðungnum október - desember og eindagi 4. febrúar 2013.